
Stækkun alifuglabús Meiri-Tungu 2

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 8. febrúar 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Tyrfini Hafsteinssyni um fyrirhugaða stækkun alifuglabús Meiri-Tungu 2, Rangárþingi ytra samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 1.10 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Alifuglabú í Meiri-Tungu 2. Fyrirspurn um matsskyldu. Efla verkfræðistofa og Steinsholt, febrúar 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi ytra með tölvubréfi dags. 21. febrúar 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 28. febrúar 2018.
- Matvælastofnun með tölvubréfi dags. 14. mars 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 1. mars 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. mars 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvubréfi dags. 16. mars 2018 og frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 20. mars 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Tilkynnt hefur verið fyrirhuguð stækkun alifuglabús Meiri-Tungu 2. Fyrir eru tvö tæplega 727 m² eldishús sem rúma hvort um sig 13 þúsund fugla og áætlað er að byggja það þriðja sem verður jafnstórt og mun rúma jafnmarga fugla. Samanlagt er því gert ráð fyrir stæðum fyrir allt að 39 þúsund fugla á búinu eftir stækkun. Eldisrými í nýja húsinu verður um 685 m² eins og í eldri húsunum.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að við eldið sé miðað við 7 eldistímabil á ári og fjöldi fugla sem árlega fari í gegnum húsin verði eftir stækkun um 252 þúsund á ári. Húsið sé þrifið og sótthreinsað á milli eldistímabila. Eftir byggingu þriðja eldishússins verði heildarstærð búsins um 2400 m². Nýja húsið verði byggt eftir sömu teikningu og hin tvö, steinsteypt og einangrað að utan með stálklæðningu. Aðkoma að eldishúsunum sé um rúmlega 200 m aðkomuveg frá Ásvegi. Þau séu á þriggja hektara lóð sem hafi verið afmörkuð á ræktuðu túni í landi Meiri – Tungu 2. Hvorki séu íbúðarhús né fyrirtæki nær eldishúsunum en 500 m.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að endurskoðun á starfsleyfi sé í vinnslu.



4 UMHVERFISÁHRIF

Úrgangur

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að hæsnaskítur sem falli til sé nú um 350 m³ á ári og með stækkun búsins muni um 175 m³ bætast við, heildarmagn úrgangs verði því um 525 m³ á ári. Mokað sé út úr húsunum sjö sinnum á ári og úrgangurinn nýttur á tún, í flög og til landgræðslu á tímabilinu 1. apríl til 15. október. Utan þess tímabils verði úrgangur geymdur í viðurkenndri hauggeymslu. Þá liggi fyrir samningur um dreifingu úrgangs á allt að 55 ha (40 ha heimatún og 15 ha land Meiri-Tungu 1), auk þess sem 10 ha muni bætast við heimatún á næstu árum. Fram kemur að eftirspurn eftir hæsnaskít hafi verið meiri en framboð. Leitast verði við að dreifa úrgangi þegar vind leggi frá nærliggjandi íbúðarhúsum og þess gætt að úrgangurinn mengi hvorki skurði né læki. Fram kemur að dýrahrae verði geymd í vökvaheldum ílátum þar til bíll frá Gámastöð með starfsleyfi hirði hann. Bíll komi vikulega og sé hræjum fargað í samræmi við reglugerðir þar að lútandi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á misræmi milli greinargerðar framkvæmdaraðila, þar sem talað sé um að við núverandi eldi falli til 350 m³ af hæsnaskít á ári, og starfsleyfisskýrða, þar sem talað sé um að 365 m³ falli til. Fram kemur að Umhverfisstofnun geri ekki athugasemd við áform framkvæmdaraðila um meðhöndlun úrgangs en bendi á að hann skuli gæta þess að úrgangur sem dreift sé á tún mengi ekki skurði eða læki. Í BAT skýrslu frá 2017 sé farið yfir helstu möguleika þauleldis í mengunarmálum. Þar sem rekstur með 39 þúsund fugla sé rétt undir þeim mörkum sem skýrslan fjalli um sé rétt að stilla kröfur nýs starfsleyfis í samræmi við aðstæður. Umhverfisstofnun leggi til að ákvæði verði í starfsleyfi um takmörkun á losun köfnunarefnis með næringarefnastjórnun og að rekstraraðili standi skil á henni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að umrædd BAT skýrsla fjalli um þauleldi fleiri fugla en gert sé ráð fyrir í eldishúsum Meiri-Tungu 2. Mögulegt sé að skila skýrslu um starfshætti búsins í samráði við eftirlitsaðila. Núverandi og áætluð framleiðsla sé og verði í samræmi við lög og reglugerðir. Fram kemur, varðandi losun köfnunarefnis úr úrgangi, að talsverður hluti þess úrgangs sem fari frá búinu sé sag sem sé borið undir fuglana. Úrgangurinn nýtist mjög vel sem áburður.

Loftmengun

Í framlögðum gögnum kemur fram að íbúðabyggð sé í meira en 500 m fjarlægð frá eldishúsunum. Ólykt muni að öllu jöfnu ekki berast að íbúðarhúsum við NA-átt sem sé ríkjandi vindátt á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur í umsögn sinni líklegt að lykt frá starfsemi muni leggja í aukna magni að íbúðarhúsum í samræmi við framleiðsluaukningu með tilheyrandi óþægindum fyrir íbúa.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að nágrannar hafi búið við þessa starfsemi á fjórða ár og hafi skrifað lýst því yfir skriflega að þeir geri ekki athugasemd við stækkun búsins. Því telji framkvæmdaraðili neikvæð áhrif lyktarmengunar ólíkleg.

Rangárþing ytra, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun álíta að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Fyrir liggur tillaga að breyttu deiliskipulagi.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð byggingaleyfi Rangárþings ytra. Einnig starfsleyfi Matvælastofnunar skv. lögum um matvæli. Endurskoðun á starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er í vinnslu.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða stækkun alifuglabús að Meiri-Tungu 2 í Rangárþingi ytra en til stendur að byggja nýtt alifuglahús og fjölga fuglum um 13 þúsund. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 1.10 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli, staðsetning og eiginleikar áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar, s.s. stærð og umfangi, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndun, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig staðsetningu hennar svo sem landnotkun sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér að ofan einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Eftir fyrirhugaða stækkun alifuglabús að Meiri-Tungu 2 um eitt 730 m² eldishús sem mun rúma allt að 13 þúsund fugla verða alls um 39 þúsund fuglar á búinu í 2200 m² rými. Fjöldi fugla sem árlega mun fara í gegnum húsin þrjú verður um 252 þúsund á ári í sjö eldistímabilum.

Alifuglabú hefur verið starfrækt í Meiri-Tungu 2 um árabíl og eru umhverfisáhrif búsins miðað við núverandi ástand þekkt. Framleiðsla alifugla í Meiri-Tungu 2 verður að teljast fremur lítil að umfangi og verður það áfram eftir stækkun búsins.

Neikvæð áhrif lyktarmengunar eru ekki líkleg til að verða umtalsverð og er þá meðal annars horft til þess að byggð er í meira en 500 m fjarlægð frá eldishúsunum. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áform framkvæmdaraðila um meðhöndlun úrgangs en bendir á að hann skuli gæta þess að úrgangur sem dreift sé á tún mengi hvorki skurði né læki. Stofnunin telur hafa verið gerða nægilega grein fyrir framkvæmdinni og telur að þrátt fyrir aukinn úrgang sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Skipulagsstofnun tekur undir það álit.

Áhrifin verða svo lengi sem búið verður starfrækt en byggt á framlögðum gögnum eru þau að mati Skipulagsstofnunar bundin við afmarkað svæði og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. maí 2018.

Reykjavík, 6. apríl 2018

Jakob Gunnarsson

Matthildur B. Stefánsdóttir